




Stjörnuþió: All That Jazz
Leikstjóri: Bob Fosse
Höfundur tónlistar: Ralph Burns
Höfundar handrits: Robert Alan
Arthur og Bob Fosse
Höfundur dansa: Bob Fosse
Kvikmyndatökumaður: Giuseppe
Rotunno
Aðalleikarar: Roy Scheider, Jessica
Lange, Ann Reinking, Leland Palmer
og Erzebet Foldi
Bandarísk, gerð 1980

Leikstjóri deyr



Joe Gideon (Roy Scheider) og Dauðinn (Jessica Lange) ræðast við.

Margir muna án efa eftir fyrri myndum Bob Fosse að minnsta kosti þeim sem þekktastar hafa orðið, „Lenny“ með Dustin Hoffman í aðalhlutverki og „Cabarett“ sem gerði Liza Minelli fræga. Aðdaendur Bob Fosse ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með „All That Jazz“, hún er líklega myndin sem uppfyllir þær vonir sem bundnar hafa verið við Bob Fosse sem einhvern áhugaverðasta leikstjóra Bandaríkjanna í dag.

„All That Jazz“ segir frá leikstjóranum Joe Gideon sem átt hefur mikilli velgengni að fagna á Broadway og hyggst nú færa upp söngleik með eiginkonu sína fyrrverandi í aðalhlutverki. Joe er kominn að fótum fram bæði líkamlega og andlega, hann kemst ekki á fætur nema með pilluáti og reykingarnar eru búnar að gera hann að hjarta-

sjúklingi. Sambandi hans við unnustuna er sífellt stefnt í voða vegna þess að Joe þarf ævinlega að hafa fleiri en einn kvenmann í takinu og dóttir hans ung sér minna af pabba en skildi því kvennafar er tímafrekt.

Svona saga er auðvitað heldur leiðinleg og raunar margþvæld, en í meðförum Bob Fosse verður hún áhugaverð uppistaða í listaverki. Joe Gideon veit að dauðinn nálgast og hann hefur persónugert hann svo að hann birtist honum í líki afar fagur-

ar ástmeyjar í brúðarklæðum. Með þessari tilvæðandi brúði sinni rifjar Joe upp líðna tíma á milli þess sem hann keppist við að færa upp nýja söngleikinn sinn. Þannig fléttast saman raunveruleiki og myndun Joes en í upplifunum hans er uppfærslan, dansinn, sýningin ævinlega í fyrirrúmi. Ötinn er stöðugur fylgífiskur Joes, hann skelfist dauðann sem nálgast og hann hræðist mistök, að ná ekki viðurkenningu fyrir verk sín.

Bollalengingum Joes um líf sitt er lýst í dans og söngatriðum þar sem fyrir koma þær persónur og tilfinningar sem skipta hann mestu máli. Þannig beitir Bob Fosse hugmyndaflugi óspart við að koma á framfæri sögu af fallandi stjörnu og skapar sjónrænt listaverk sem ris hátt yfir meðalmennskuna, ef ekki lágkúruna, einkenni bandaríska kvikmyndaíðnaðarins.

— SKJ

kvikmyndir



Sólveig K. Jónsdóttir, skrifar

hvað, hvar...?

...Ef kvikmynd verður ákaflega vinsæl tíðkast að gera framhaldsmynd og vanalega heldur viðbótin nafni hinnar fyrri að viðbættum rómverska tölustafnum II. Hitt er svo vanalega undir hælenn lagt hvort framhaldsmyndin heldur nokkru af vinsældum og gæðum hinnar fyrri. Tónablið sýnir nú kvikmyndina Rocky II og segja má að Sylvester Stallone hafi tekist vel að fylgja eftir þeim fögnuði sem fyrri myndin um hnefaleikarann Rocky vakti. Rocky II segir næstum alveg sömu sögu og fyrsta myndin um ítalska boxarann og hún virðist enn hafa sömu áhrif, áhorfendur eru stórhífnir... Life of Brian í Laugarásblóði er af sumum kölluð gamanmynd en öðrum argasti ósmekkur sem sést hefur í kvikmyndaformi. Þeir sem hafa einhverja innsýn í breskt þjóðfélag mun takast betur að skilja hverja er verið



Rocky (Sylvester Stallone) með eiginkonuna (Taliu Shire) í fanginu.

að skensa í myndinni en gamanið er heldur aumlega grundvallað í bróðurum um lamaða og fatlaða... Kvikmyndin 9 til 5 í Nýja Blóði lýsir jafnréttismálum á skrifstofu nokkurri og sigri sem kúgað kvennaliðið á þeim stað vinnur á harðsvirðum húsbónda sínum. Ekki óvitlaus mynd og harla fyndin á köflum... Superman flýgur enn í Háskólablóði myndinni Superman II. Nú á Superman í höggi við illvirkja sem eru jafningjar hans að yfirnáttúrulegum kröftum en yfirnáttúrulegir kraftar ráða ekki öllu eða hvað?... Gamla Bló heldur nú upp á sjöttu og fimmt ára afmælið með því að sýna nokkrar kvikmyndir frá þeim tíma er stórmyndir voru og hétu. Um þessar myndir er Herferðin mikla sýnd, en hún var gerð undir stjórn King Vidor, eins af konungum þöglu myndanna...

1dag-1kvöld

Myndlist

Kjarvalsstaðir:

Frönsku grafíkssýningunni lýkur um þessa helgi, en hún hefur staðið yfir í vestursal. Skólasýning Heimilisíðnaðarfélagsins stendur enn, og um þessa helgi opnar Örn Ingi, myndlistarmaður frá Akureyri, sýningu í forsal austurálmú. Hann gerir myndir með blandaðri tækni.

Norræna húsið:

Um þessa helgi opnar Agúst Petersen málverkasýningu í kjallara Norræna hússins.

Sýningunni á þrjónasjöllum Aase Lund Jensen lýkur um þessa helgi, en í bókasafninu stendur yfir sýning á bókum eftir Strindberg.

Gallerí Langbrók:

Þar sýnir Guðrún Gunnarsdóttir, ein Langbrókanna, myndvefnað, að mestu unninn í hvít.

Listasafn Íslands:

Yfirlitssýningunni á verkum Kristjáns Davíðssonar lýkur nú um helgina.

Listaskáli Alþýðu:

Asgerður Búadóttir sýnir myndvefnað, en sýningunni lýkur nú um helgina.

Torfan:

Þar stendur yfir sýning á ljósmyndum úr leiksýningum Alþýðuleikhússins. Fróðlegt og skemmtilegt efni til upprifjunar á ánægjustundum úr leikhúsinu.

Djúpið:

Ivan Török er ábyggilega þekktastur fyrir hinar ágætu leikmyndir sínar, sem hann hefur gert undanfarnar átutug í íslenskum leikhúsum, en þessi elskulegi Ungverjifæst einnig við að gera skemtilegar myndir, sem vert er að sjá og skoða.

Gallerí Hverfisgötu 32:

Um þessa helgi opnar Einar Þór Lárusson sýningu, en á henni eru myndir málaðar með túss og Tropicana (hvað skyldi Davíð Scheving segja við því?) Gallerið er opið daglega milli kl. 14—22.

Leiklist

Alþýðuleikhúsið:

STJÖRNLEYSINGINN — miðnætursýning laugardagskvöld kl. 23.30.
 STERKARI EN SÚPERMANN — sunnudag kl. 15.00.

Miðasölusími í Hafnarbíói 1 64 44.

Breiðhólsleikhúsið:

LAGT Í POTTINN — sýning sunnudagskvöld kl. 20.30 og Félagsstofnun stúdenta selur veitingar.

Miðasölusími í Félagsstofnun 2 96 19.


Leikfélag Reykjavíkur:

JÓI — laugardagskvöld kl. 20.30 — Uppselt.

OFVITINN — sunnudagskvöld kl. 20.30 — Uppselt.

SKORNIR SKAMMTAR — miðnætursýning í Austurbæjarbíói.

Miðasölusími í Iðná er 1 66 20 — í Austurbæjarbíói 1 13 84.



Þjóðleikhúsið:

HÓTEL PARADÍS — laugardagskvöld kl. 20.00.

DANS A RÓSUM — sunnudagskvöld kl. 20.00.

ASTARSAGA ALDARINNAR — á Litla sviðinu sunnudagskvöld kl. 20.30.

Garðaleikhúsið:

GALDRALAND — sunnudag kl. 15.00 í Tónabæ.

Miðasala við innganginn, svo það er vissara að mæta sæmilega tímanlega.

Tónlist

Fóstræðraheimilið:

Karlaróinn Fóstræður heldur skemmtikvöld á laugardagskvöldið kl. 20.00, og þar verður aldeilis glatt á hjalla. Vissara að mæta snemma og tryggja sér miða.



Háskólabló:

Nema Dubliners!! Á laugardagskvöldið kl. 21.00. Þafnast ekki frekari kynningar.

Norræna húsið:

Carl Michael Bellman var sænskur visna- og lagasmiður, sem uppi var á öndverðri 18. öld, og hann er þekktastur fyrir söngvabálkinn „Fredmans epistlar“, sem er samsafn visna um úrmakarann Fredman, sem lífið og dó í sárri fátækt, en unni vinnu og vífi. Bellman og tónlist hans (einstaklega skemmtileg áheyrnar) verður kynnt af Visnavinum og hópi áhugamanna um þetta vinsæla skáld. Fjölmennum.

Austurbæjarbló:

1 dag, laugardag, kl. 14.30 heldur Tónlistarfélagið tónleika þar sem Anna Aslaug Ragnarsdóttir pianóleikari flytur eftirtalin verk: Sóttu nr. 6 eftir Pietro Paradie, Sónötu op. 42 eftir Schubert og 12 prelúdiur eftir Debussy.